

Esjan

Tveir þreyttir fætur toga hvern annan í takt  
Eftir einbreiðum vegi sem liggur í öfuga átt

Gróðurinn grætur og þögnin hún segir svo margt  
Allt er síendurtekið samt er svo mikið ósagt

Ég sver að grasið var grænna  
Úr fjarlægð en hér er ég nú  
Allt er svo litlaust og grátt  
Ég get leitað, og leitað  
Fram að heimsenda og út  
Og gefið allt sem ég hef átt

Því að Esjan er falleg  
En ekki fallegrí en þú  
Hvernig augun þín glitra  
Eins og hafið svo djúpt  
Og það stingur í hjarta  
Að vita að ég sé of sein  
En ég vil að þú vitir  
Að ef að þú kallar þá  
veistu að ég kem aftur heim

Reyna að telja mér trú um að margt sé mér kært utan þín  
En það gengur svo hægt því þú kemur strax aftur til mín

Ég sver að grasið var grænna  
Úr fjarlægð en hér er ég nú  
Allt er svo litlaust og grátt  
Ég get leitað, og leitað  
Fram að heimsenda og út  
Og gefið allt sem ég hef átt

Því að Esjan er falleg  
En ekki fallegrí en þú  
Hvernig augun þín glitra  
Eins og hafið svo djúpt  
Og það stingur í hjarta  
Að vita að ég sé of sein  
En ég vil að þú vitir

**Að ef að þú kallar þá  
veistu að ég kem aftur**

**Kem um leið, kem um leið, kem um leið aftur heim  
Kem um leið, kem um leið, kem um leið  
Kem um leið, kem um leið, kem um leið aftur heim  
Kem um leið, kem um leið  
Kem um leið, kem um leið**

**Kem um leið, kem um leið, kem um leið aftur heim  
Kem um leið, kem um leið, kem um leið  
Kem um leið, kem um leið, kem um leið aftur heim  
Kem um leið, kem um leið  
Kem um leið, kem um leið**